

***Yfirlit yfir réttindi og skyldur íslenskra aðila
á grundvelli lánasamninganna við Holland og Bretland.***

- 1. Endurgreiðsla láns:** Endurgreiðsla láns að fjárhæð 1.329.242.850 evrur (Holland) og allt að 2.350.000.000 pund (Bretland).
- 2. Fyrirkomulag endurgreiðslu:** Ársfjórðungslegar greiðslur sem hefjast í september 2016 og lýkur í júní 2024 – 32 jafnar greiðslur.
- 3. Þak á greiðslur:** Ef greiðsla af samanlögðum vöxtum og höfuðstól verður hærri á ársgrundvelli en 2% (Holland) eða 4% (Bretland) af vexti vergrar landsframleiðslu frá 2008 (miðað við IMF World Economic Outlook), lækkar greiðsla af höfuðstól þannig að greiðsla verði ekki umfram þakið. Vextir verða alltaf greiddir að fullu.
- 4. Möguleiki á lengingu:** Ísland getur, hvenær sem er á lánstímanum, óskað eftir lengingu endurgreiðslutíma um sex ár, til ársins 2030. Fjárhæð greiðslanna yrði þá endurreiknuð á tímamarki framlengingarinnar þannig að greiðslurnar verði jafnar til ársins 2030.
- 5. Sjálfkrafa framlenging:** Ef möguleiki á framlengingu hefur ekki verið nýttur og lánið hefur ekki verið endurgreitt að fullu fyrir árið 2024 framlengist það sjálfkrafa til ársins 2030. (4.2b.4) Sjálfkrafa framlengingar til fimm ára frá árinu 2030 koma til ef lánið er ekki að fullu greitt fyrir þann tíma vegna þaks á endurgreiðslum
- 6. Framsal krafna til TIF:** Bæði hollensku og bresku tryggingarsjóðirnir framselja til Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta kröfur sem þeir hafa yfirtekið frá innstæðueigendum (upp að 20.887 evrum) þegar samningurinn kemur til framkvæmda.
- 7. Greiðslur frá Landsbanka:** Þegar Tryggingarsjóður fær úthlutað úr búi Landsbankans vegna innstæðna verður sjóðurinn að nota þær greiðslur til að greiða niður lán Breta og Hollendinga.
- 8. Forgangsréttur við greiðslur úr Landsbankanum:** Ef Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta hlýtur við úthlutun úr búi Landsbankans forgang umfram aðra hluta krafna vegna sömu innstæðu þarf sjóðurinn ekki að deila því sem hann fær umfram aðra forgangskröfuhafa með Bretum og Hollendingum ef forgang umfram aðra kröfuhafa má rekja til ákvörðunar slitastjórnar Landsbankans eða niðurstöðu íslenskra dómstóla sem ekki er í andstöðu við ráðgefandi álit frá EFTA dómstólum. Í samningi milli íslenska ríkisins og TIF verður tekið fram að TIF muni láta reyna á forganginn fyrir dómstólum.
- 9. Niðurgreiðsla lána:** Tryggingarsjóði er hvenær sem er heimilt að greiða niður lán Hollendinga og Breta í heild eða að hluta. Lágmark niðurgreiðslu í hvert sinn er 1 milljón evra/1 milljón punda.
- 10. Ríkisábyrgð:** Ríkisábyrgð á lánunum tekur gildi 5. júní 2016 og ábyrgist ríkið allar greiðslur Tryggingarsjóðs og aðrar skyldur sjóðsins á grundvelli lánasamninganna.
- 11. Meðferð kröfuhafa Landsbankans:** Ísland ábyrgist að grípa ekki til aðgerða sem leiða til þess að kröfuhafar Landsbankans fái meðferð sem samræmist ekki almennt viðurkenndum alþjóðlegum og evrópskum grunnreglum um meðferð kröfuhafa í alþjóðlegum slitum fyrirtækja.